

**82. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Hofi, fundarherbergi á 3. hæð í
Stjórnsýsluhúsi,
2. mars 2020 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfssdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdótti, forstöðumaður menningar- og safnanefndar.

Fyrir tekið:

1. 2002438 - Árskýrsla Bókasafns Akraness 2019

Bæjarbókavörður kynnir árskýrslu Bókasafns Akraness 2019.

Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður tók sæti á fundinum og kynnti árskýrslu bókasafnsins 2019. Bæjarbókavörður telur brýnt að staða staðgengils bæjarbókavarðar verði tekin upp sem fyrst vegna aukins álags og umsvifa í starfsemi safnsins.

Nefndin óskar eftir, frá bæjarbókaverði, samanburði á starfsemi bókasafna í öðrum bæjarfélögum af svipaðri stærð og Akranes, með sérstakri áherslu á stöðugildi og starfssvið.

Bæjarbókavörður víkur af fundi.

Nefndin þakkar bæjarbókaverði fyrir greinargóða yfirferð og góðar umræður.

Nefndin lýsir jafnframt ánægju sinni með gott starf á bókasafninu og greinilegt er að starfið einkennist af áherslum í framtíðarsýn safnsins.

2. 2002439 - Árskýrsla Héraðsskjallasafns Akraness 2019

Forstöðumaður leggur fram árskýrslu Héraðsskjallasafns Akrness.

Forstöðumaður kynnti árskýrslu héraðsskjallasafns.

Nefndin þakkar Gerði Jóhönnu Jóhannsdóttur kærlega fyrir góð störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

3. 1912047 - Héraðsskjallasafn Akraness - úrbótaáætlun

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefnisins.

Forstöðumaður vinnur áfram að verkefninu með bæjarstjóra skv. ákvörðun bæjarráðs með fullum stuðningi nefndarinnar.

4. 2001074 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2020

Forstöðumaður kynnir stöðu Vetrardaga á Akranesi. Jafnframt verður tillaga að fyrirhugaðri barnamenningarhátið kynnt ásamt hugmyndum um opinn fund fyrir áhugasama íbúa.

Forstöðumanni falið að vinna áfram að Vetrardögum á Akranesi og fyrirhugaðri barnamennigarhátið. Forstöðumanni jafnframt falið að vinna að opnum fundi um málefni menningar og viðburða á Akranesi með áherslu á barnamenningu sem skal fara fram miðvikudaginn 18. mars kl. 18-21.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:50.

The image shows four handwritten signatures in blue ink. From left to right: 1) Ólafur Páll Gunnarsson, 2) Helga Kristín Björgólfssdóttir, 3) Ingþór B. Þórhallsson, and 4) Ella María Gunnarsdóttir. Below the signatures, the number '5' is written.